

**Ed.**

**116. Frumvarp til laga**

[106. mál]

um greiðsluskilmála húsnæðislána.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja réttláta greiðslubyrði af öllum lánum einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin afnota.

2. gr.

Greiðslur af lánum, sem lánastofnanir veita eða hafa veitt einstaklingum vegna öflunar eigin íbúðarhúsnæðis, skulu miðast við að heildargreiðslubyrði hjá lántakanda verði ekki meiri en svo að hann geti framfleytt sér og sínum samtímis því að endurgreiða lánin á 40 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Þessu frumvarpi er ætlað að taka af allan vafa um þann sjálfsagða rétt fólks í þessu landi að eignast eigið íbúðarhúsnæði án þess að fórn til þess rétti sínum til heilbrigðs lífs.

Auk þess er hér í raun um sameiginlegt hagsmunamál lántakenda og lánastofnana að ræða. Mikilvægt er að báðir aðilar viti að hverju þeir ganga og með þessum hætti yrðu báðir aðilar ábyrgir fyrir skipulegum vinnubrögðum í viðskiptum vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki frekari skýringa.